

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 2. mars 2020

Mál nr. E-4304/2019:

Ingunn Lára Kristjánsdóttir
(Karl Ólafur Karlsson lögmaður)
gegn
Gebo ehf.
(Jóhannes Már Sigurðarsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta var höfðað 2. júlí 2019 og dómtekið 4. febrúar sl.

Stefnandi er Ingunn Lára Kristjánsdóttir, Háþé 4 í Reykjavík.

Stefnt er Gebo ehf., Laugavegi 126, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 174.157 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af 174.157 krónum frá 01. mars 2019 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I.

Mál þetta rekur rót sína aftur til febrúarmánuðar 2019 þegar stefnandi gekk til liðs við vefmiðilinn www.nutiminn.is. Um er að ræða skráningarskyldan fjölmiðil, sem er í eigu stefnanda. Hér fyrir dómi er deilt um það hvers eðlis starfssamband málsaðila hafi verið. Heldur stefnandi því fram að um vinnusamband hafi verið að ræða og krefst greiðslu fyrir 58 vinnustundir. Stefndi á hinn bóginn byggir á því að stefnandi hafi samþykkt þau starfskjör sem henni hafi verið boðin, þ.e. árangurstengdar greiðslur. Stefnandi og Jón Kristinn Laufdal Ólafsson komu fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins og gáfu aðilaskýrslur. Bar þeim saman um að stefnandi hefði slitið samstarfi aðila eftir að í ljós kom að stefnanda byðist aðeins að fá um 17.000 króna greiðslu fyrir framangreindan fjölda vinnustunda sem stefnandi innti af hendi þá fyrstu og einu viku sem hún starfaði í þágu stefnda, nánar tiltekið dagana 21.-27. febrúar 2019.

Stefnukrafa málsins er á því byggð að stefnandi hafi unnið samtals 36 stundir á dagvinnutímabili og 22 stundir á yfirvinnutímabili svo sem það er skilgreint í 2. kafla kjarasamnings Bláðamannafélags Íslands við Samtök atvinnulífsins, sbr.

„samtímaskráningu“ stefnanda um vinnutíma sína hjá stefnda. Stefnandi vísar til þess að stefnanda, sem blaðamanni, sé heimilt að skila dagvinnu á tímabilinu 07:00-19:00 virka daga, en vinna utan þess tímabils teljist yfirvinna. Byrjunarlaun blaðamanns í 2. flokki nemi 362.485 kr., eða 2.091 kr./klst. Yfirvinnutímakaup miðað við sömu forsendur sé 3.763,80 kr./klst. Stefnandi telur að miðað við vinnuframlag stefnanda hefðu laun stefnanda að lágmarki, með orlofi, átt að nema 174.157 krónum.

Í framhaldi af fundi stefnanda með fyrirsvarsmönnum stefndu 28. febrúar 2019 þar sem stefnanda voru boðnar 17.000 krónur gegn framvísun reiknings af hálfu stefnanda leitaði hún til stéttarfélags síns, Blaðamannafélags Íslands, sem sendi stefnda bréf 4. mars 2019, þar sem farið var fram á að stefnanda yrðu greiddar 121.278 krónur vegna nefndrar vinnu hennar fyrir stefnda sem blaðamaður, en sá útreikningur hafi miðast við upphaflegar forsendur stefnanda án orlofs. Ekki verður séð að stefndi hafi svarað bréfi þessu efnislega, en fyrir liggur að krafan var í framhaldinu sett í innheimtufurli, sbr. bréf þess efnis 3. apríl 2019. Þar sem innheimtutilraunir báru ekki árangur höfðaði stefnandi mál þetta.

II.

Stefnandi byggir kröfu sína á því að henni beri réttur til greiðslu kjarasamningsbundinna launa fyrir þá vinnu sem hún innti af hendi fyrir stefnda sem blaðamaður, samkvæmt karasamningi Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, séu umsamin laun Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins lánmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Samningar einstaka launamanna og atvinnurekanda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveði skuli vera ógildir. Stefnandi hafnar því að hún hafi verið eða geti talist hafa verið ráðin í verktöku, sbr. boð stefnda um að stefnandi framvísaði reikningi fyrir vinnuframlagi sínu. Vinnustundir stefnanda hjá stefnda hafi verið sem hér segir:

Dags.	Vinnutími:	Dagvinna:	Yfirvinna:
21.2. 2019	9-14, 18-21	6:00	2:00
22.2. 2019	9-13, 15-22	8:00	3:00
23.2. 2019	10-18		8:00

24.2. 2019	22-05		7:00
25.2. 2019	10-18	8:00	
26.2. 2019	9:30-12:30, 13:30-16:30, 20-22	6:00	2:00
27.2. 2019	9-17	8:00	
	Samtals	36:00	22:00

Gerð er krafa um greiðslu vangreiddra launa, auk 10,17% orlofs, vegna tímabilsins 21. – 27. febrúar 2019. Um orlofskröfu stefnanda er vísað til 4. kafla nefnds kjarasamnings, sbr. einnig ákvæða orlofslaga nr. 30/1987. Krafa stefnanda sundurliðast miðað við framangreindar leiðréttar forsendur með svofelldum hætti:

Vangoldin laun 21.-27. febrúar 2019:

36 dagvinnustundir * 2.091 kr.	75.276 kr.
22 yfirvinnstundir * 3.763,80 kr.	82.804 kr.
Orlof 17,17% af 158.080 kr.	16.077 kr.
Stefnukrafa samtals	174.157 kr.

Stefnandi var félagsmaður í Blaðamannafélagi Íslands á því tímabili er krafa hennar stofnaðist. Vísað er til meginreglu vinnu-, kröfu - og samningaréttar um að laun beri að greiða í samræmi við umsamda launataxta samkvæmt gildandi ráðningar- og/eða kjarasamningi. Jafnframt er vísað til laga. 55/1980 um starfskjör launafólks o.fl., aðallega 1.gr., laga 28/1930 um greiðslu verkkaups, laga 30/1987 um orlof, aðallega 1., 7, og 8.gr. og laga 19/1979 um rétt launafólks til uppsagnarfrests o.fl. Byggt er á því að stefndi hafi vanefnt bindandi ráðningarsamning við stefnanda með því að greiða ekki umsamin laun og uppfylla aðrar samningsskyldur sínar.

III.

Stefnda byggir á því að samningur félagsins við stefnanda hafi verið eðlilegur, sanngjarn og gerður í góðri trú. Stefnandi hafi samþykkt það fyrirkomulag sem náðist með samkomulagi aðila áður en hún hófst handa við nokkra vinnu. Stefnanda hafi verið frjálst að hafna samningum strax í upphafi, hefði hún ekki haft áhuga á að starfa samkvæmt því

fyrirkomulagi sem henni stóð til boða og samþykkti. Stefnandi beri sönnunarbyrðina fyrir öðru.

Skilyrði um gerviverktöku séu ekki uppfyllt og stefnda hafi ekki á nokkurn hátt brotið á réttindum stefnanda. Þvert á móti hafi stefnandi þekkt vel til fyrirkomulagsins og samþykkt það, en kosið svo þegar henni varð ljóst hver þóknun hennar fyrir fyrstu vikuna yrði, að slíta samstarfinu og leita réttar síns.

Stefnda hafi verið óskýlt að gera hefðbundinn ráðningarsamning við stefnanda, enda hafi engin vinnuskylda hvílt á stefnanda, hún notað eigin búnað, og samþykkt samkomulag sem féllst í árangurstengingu við lestur efnis hennar. Stefndi hafi á hinn bóginn staðið við samkomulagið í alla staði og ekki á nokkurn hátt brotið á rétti hennar.

IV.

Ágreiningur málsaðila, sem hér er til úrlausnar, snýst um eðli starfssambands stefnanda við stefnda. Stefnandi telur að um vinnusamband hafi verið að ræða og krefst í málinu greiðslna fyrir vinnuframlag sitt í þágu stefnda.

Kröfum sínum til stuðnings hefur stefnandi vísað til ákvæða kjarasamnings Samtaka atvinnulífsins og Blaðamannafélags Íslands. Í gr. 3.1.1. kjarasamningsins kemur fram að sé blaðamaður ráðinn til lengri tíma en eins mánaðar og að meðaltali lengur en átta klukkustundir á viku skuli eigi síðar en tveim mánuðum eftir að starf hefst skuli gerður skriflegur ráðningarsamningur eða ráðning staðfest skriflega. Þar segir einnig að láti blaðamaður af stöfum áður en tveggja mánaða frestinum lýkur, án þess að skriflegur ráðningarsamningur hafi verið gerður eða ráðning staðfest skriflega, skuli slík staðfesting látin í té við starfslok. Í sömu grein kjarasamningsins kemur fram að í ráðningarsamningi skuli vísa til kjarasamningsins, sem tryggi lágmarksjör fyrir störf við blaðamennsku samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980. Í síðastnefndu lagaákvæði er jafnframt kveðið á um að samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en almennir kjarasamningar ákveða skuli ógildir. Samhliða þessu er til þess að líta að í 2. gr. laga Blaðamannafélags Íslands kemur fram að rétt til félagsaðildar hafi allir þeir sem hafa fjölmiðlun að aðalstarfi eða eru fastráðning starfmenn ritstjórna á dagblöðum, vefmiðlum, sértímaritum o.fl., svo og aðrir þeir sem fastráðnir eru við fréttá- og fjölmiðlun þar sem staðið er skil á tilskildum gjöldum til Blaðamannafélagsins og sjóða þess. Ekki er um það deilt að stefnda hafi átt aðild að síðastnefndu félagi þegar krafa hennar stofnaðist og meðal framlagðra skjala er bréf félagsins til stefnda 4. mars 2019

þar sem skorað var á stefnda að greiða kröfu stefnanda innan tíu daga. Af gögnum málsins verður ekki séð að stefndi hafi svarað áskorun þessari.

Við úrlausn um efnisatriði ágreinings málsaðila hefur dómurinn litið til tölvupósts stefnanda til starfsmanns stefnda 17. febrúar 2019 þar sem stefnandi kveðst hafa sótt um starf hjá stefnda og lýsir nánar hugmyndum sínum um efnistöð o.fl. Enginn skriflegur ráðningarsamningur var gerður, en af framlögðum gögnum verður ekki ráðið að stefnandi hafi verið að taka að sér verkefni eða bjóða í verk, sem verktaki. Svo sem fyrr greinir heldur stefnandi því fram í málinu að um vinnusamband hafi verið að ræða en ekki verktakasamning. Í þessu samhengi skal þess getið að við munnlegan málflutning kom fram að enginn ágreiningur er um það að stefnandi hafi að meginstefnu unnið að verkefnum sínum á starfsstöð stefnda og með búnaði sem þar var til reiðu. Með hliðsjón af dómaframkvæmd Hæstaréttar í skyldum málum, m.a. dómi réttarins í máli 24. september í máli nr. 17/2009, verður að leggja til grundvallar að sönnunarbyrði um inntak ráðningarsambandsins sem hér um ræðir hvíli á stefnda. Stefnda hefði verið í lófa lagið að gera skriflegan samning við stefnanda þar sem samband þeirra hefði verið skýrt og hlutverk hennar nánar skilgreint. Þar sem þetta var ekki gert verður stefndi, með vísan til síðastgreinds Hæstaréttardóms, að bera hallann af því. Að gögnum málsins virtum, svo og með hliðsjón af öllu því sem fram kom við aðalmeðferð málsins, telur dómurinn að stefnda hafi ekki tekist að sýna fram á að um verksamning hafi verið að ræða fremur en vinnusamning. Um vinnustundir stefnanda er ekki við önnur gögn að styðjast en skráningar stefnanda sjálfrar og hefur stefndi ekki lagt fram neitt sem rýrt getur trúverðugleika þess sem stefnandi byggir á í þessum efnum. Verða kröfur stefnanda samkvæmt þessu teknar til greina. Samkvæmt þeirri niðurstöðu og með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn 600.000 kr., án tillits til virðisaukaskatts.

Arnar Þór Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Gebo ehf., greiði stefnanda, Ingunni Láru Kristjánsdóttur, 174.157 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af 174.157 krónum frá 01. mars 2019 til greiðsludags

Stefndi greiði stefnanda 600.000 krónur í málskostnað.



Arnar Þór Jónsson

